



Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 2. gr. laga Fimleikasambands Íslands og að bæta við einni málsgrein.

2. gr.

Hlutverk og tilgangur FSÍ

FSÍ er æðsti aðili fimleikamála innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og er hlutverk þess í meginatriðum:

- að hafa yfirstjórn íslenskra fimleikamála,
- að vinna að eflingu fimleika á Íslandi og sjá um að haldin verði fimleikamót,
- að setja nauðsynleg lög, reglugerðir og reglur og framfylgja þeim,
- að koma fram sem sameiningaraðili fimleikafélaga héraendis og erlendis,
- að vera í forsvari fyrir fimleikaíþróttina innan vébanda ÍSí,
- að mennta þjálfara og dómara í greininni,
- að kynna og koma á framfæri þeim breytingum og samþykktum, sem gerðar eru erlendis og breytt geta áherslum í íþróttinni hér á landi,
- að velja einstaklinga, landslið og félög í landskeppni,

Verði

2. gr.

Hlutverk og tilgangur FSÍ

FSÍ er æðsti aðili fimleikamála innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a) að hafa yfirstjórn íslenskra fimleikamála,
- b) að vinna að eflingu fimleika á Íslandi og sjá um að haldin verði fimleikamót og **fimleikaviðburðir,**
- c) **að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga,**
- d) að setja nauðsynleg lög, reglugerðir og reglur og framfylgja þeim,
- e) að koma fram sem sameiningaraðili fimleikafélaga innanlands,
- f) **að koma fram fyrir hönd íslenskra fimleika erlendis,**
- g) að vera í forsvari fyrir fimleikaíþróttina innan vébanda ÍSí,
- h) að mennta **og veita réttindi til** þjálfara og dómara í greininni,
- i) að kynna og koma á framfæri þeim breytingum og samþykktum, sem gerðar eru erlendis og breytt geta áherslum í íþróttinni hér á landi,
- j) að velja einstaklinga, landslið og félög í landskeppni,
- k) **að vinna að öðrum þeim málum er varða fimleika á Íslandi.**

FSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. FSÍ skal gæta jafnréttis, jafnræðis og eru allir jafnir fyrir bæði lögum og reglugerðum FSÍ. Allir skulu



njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Greinargerð:

Punktaliðum breytt í stafliði til samræmis við aðrar greinar í lögnum. Orðinu fimleikaviðburðir bætt við staflið b) til að leggja áherslu á viðburði án keppni. Nýr stafliður c) er settur inn til að leggja áherslu á stofnun nýrra aðildarfélaga, mikil vöntun er á að íþróttin sé stunduð á fleiri stöðum á landinu. Fjórða punktalið skipt upp í tvo liði e) og f) til að samræma við önnur sérsambönd. Í staflið h) er bætt við að veita réttindi, til að samræma orðalag við leyfiskerfi FSÍ. Staflið k) er einnig bætt við til að samræma við önnur sérsambönd sem starfa í landinu.

Málgrein í lok upptalningar er nú að finna í lögum annarra stórra sérsambanda hér á landi og telur stjórn FSÍ að hún sé mikilvægur þáttur í starfsemi sambandsins.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____ nefndar